

HEIMILI

MIDVIKUDAGUR 16. ÁGÚST 2017

Heimili



Gamall sumarþústaður við Meðalfellsvatn fékk andlitslyftingu þegar húsmóðirin ákvað að mála viðarveggina.

[heimili](#) ➔6

SPORT

365.is | Sími 1817 **365**



„Það er skemmtilegt að sýna hvernig munirnir eru gerðir og geta á sama tíma veitt fræðslu um viðartegundir,“ segir Jón Guðmundsson. MYND/EYBÓR

Hrífandi heildarmynd

Jón Guðmundsson hefur stóran hluta ævinnar haft mikinn áhuga á smíði. Nú eru renndir smíðisgripir á borð við skálar, lampa, skip, duftker og aska í aðalhlutverki ➔2

Starri Freyr
Jónsson

starri@365.is



Frá því Jón Guðmundsson man eftir sér hefur hann haft áhuga á að smíða ýmsa hluti úr spýtum. Á bernskuárum hans beindist áhuginn að hefðbundnum krakka-verkefnum, svo sem að smíða kofa og kassabíla. Svo tók við smíði húsgagna og almennt á því sem vantaði og hægt var að smíða úr spýtum.

Áhugi á plöntum og ræktun hefur lengi verið aðaláhugamál hans, ekki síst nýting víðar. „Ég hef nú í hartnær 25 ár ræktað landsvæði á Rangárvöllum og legg þar áherslu á blandaða ræktun þar sem belg-jurtir hafa fengið að njóta sín, mitt á meðal annarra ólíkra tegunda, hárra sem smárra. Þar hef ég plantað um 50 þúsund plöntum og er svæðið orðið býsna gróskumikið. Þangað er núna hægt að sækja hráefni til smíða.“

Jón er fæddur og uppalinn í Garðinum, einn af fimm systkinum og af heimili þar sem samheldni ríkti og allir lögðu sitt af mörkum til heimilisins. Eftir stúdentspróflá leið hans í Háskóla Íslands þar sem hann nam líffræði. Eftir útskrift hélt hann til Kaupmannahafnar þar sem hann lagði stund á plöntulífisfræði. Hann starfaði lengst af hjá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Matvælastofnun en nú er hönnun og smíði aðalstarf hans.

Stærri hlutir

Fyrir um tveimur áratugum ákvað Jón að smíða eingöngu úr lauftrjám, ræktuðum hér á landi. „Þeirri ákvörðun hefur því fylgt að ég hef með tímanum kynnst vel eiginleikum þeirra trjategunda og hvernig þær nýtast sem hráefni til smíða. Sumar tegundir henta í húsgögn, aðrar í rennsli eða útskurð.“

Vinnulag Jóns er þannig að hann sækir trjástofna þar sem verið er að grisja, einkum á höfuðborgarsvæðinu eða í eigin ræktun. „Stofnana hluta ég í sundur og flokka viðinn sem svo fer á viðarlagerinn. Við að vinna með viðinn á þennan hátt og leita að fegurstu bútunum kvikna hugmyndir um hvernig nýta má hann sem best. Þróunin hjá mér hefur verið í þá átt að gera stærri



Falleg skál sem myndi sóma sér víða á heimilinu.



„Það hefur komið skýrt í ljós þegar ég hef verið með rennibekkinn á sýningum og sýnt rennsli, hve margir eru í raun forvitnir um þetta. Oft segir fólk að það hafi lengi langað að læra rennsli en kannski ekki gefið sér tíma eða komið því í verk.“

Jón Guðmundsson

Meðal þeirra muna sem Jón hefur hannað og smíðað undanfarin ár eru þessir fallegu lampar.



Viðfangsefni Jóns eru mjög fjölbreytt eins og sjá má hér.



ELBA - 126 EX

HÁGÆÐA GASELDAVÉLAR

Við höfum mörg járn í eldinum þegar það kemur að úrvali á gaseldavélum því við vitum að ekki elda allir kokkar eins. Hvort sem þú ert ástriðukokkur eða ekki, þá höfum við réttu græjur fyrir þig. Ofnarnir okkar eru með fjölda stillinga sem henta ástriðukokkum sem og áhugafólki um matargerð.



ELBA - 106 PX



ELBA Í YFIR
60 ÁR
3ja ára ábyrgð



Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

OPIÐ:

Mán. til fimmtudaga kl. 9 - 18
Föstudaga kl. 9 - 17
Lokað á laugardögum í sumar

hluti en áður, en hefðbundið trérennsli er þó enn aðalviðfangsefnið.“

Góðar viðtökur

Um þessar mundir eru renndir smíðisgripir, svo sem skálar, lampar, skip, askar og duftker í aðalhlutverki hjá Jóni. „Ég geri t.d. knerri með segli úr viði. Knerrirnir eru að mestu leyti renndir en virðast ekki vera það við fyrstu sýn. Galdurinn liggur í nokkuð mikilli sögun og límingu eftir rennslið.“

Jón tekur reglulega þátt í sýningum og hefur fengið ágætis viðtökur að eigin sögn. „Félag trérennismíða á Íslandi hefur að jafnaði verið með sýningu annað hvert ár og ég hef verið með á þeim öllum. Síðasta einkasýning mín var á Fitjum í Skorradal í sumar.“

Hann segir almenning ekki bara sýna verkum hans og hönnun athygli heldur líka rennslinu sjálfu. „Það hefur komið skýrt í ljós þegar ég hef verið með rennibekkinn á sýningum og sýnt rennsli, hve margir eru í raun forvitnir um þetta. Oft segir fólk að það hafi lengi langað að læra rennsli en kannski ekki gefið sér tíma eða komið því í verk. Það er skemmtilegt að sýna hvernig munirnir eru gerðir og geta á sama tíma veitt fræðslu um viðartegundir og eðli þeirra og gerð, sem og ræktun trjáa.

Það er þessi heildarmynd sem er svo hrifandi; upphafið, vöxturinn og loks úrvinnsla víðar sem ræktaður er hér á landi og þá ekki síst viðartegundir sem ég rækta sjálfur.“

Ýmislegt fram undan

Í vetur ætlar hann að renna mjög stórar skálar úr þeim viðartegundum sem vaxa hér á landi og sem bera af í viðarfeegurð. „Þar má nefna gullregn, reynivið, selju, gráelri og birki. Einnig ætla ég að vinna að þróun aska og þá ekki sem matariláts heldur til að geyma í ýmsa smáhluti. Auk þess ætla ég að smíða verkfæri sem auðvelda vinnu með stóra trjáboli og sinna áfram kennslu og fyrirlestrum um ofangreind efni.“

Jón er með örlítið gallerý í vinnuádstöðu sinni við Jakasel 4 í Breiðholti þar sem hægt er að kynna sér verk hans. „Annars eru verk frá mér öðru hverju til sölu í verslunum sem sérhæfa sig í sölu handverks, svo sem Kraum í Reykjavík og Kista á Akureyri. Duftkerin eru til hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi. En fólk er líka velkomið að hafa samband við mig beint og skoða gripina í gallerýinu.“

Verk Jóns má kynna sér á Facebook-síðunum Gallery Tré og Íslensk duftker.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efni: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gisladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðamaður:
Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457
Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433



Stillanlegt rúm, Ambassador*

Verð frá:

499.000.-

Skoðaðu rúmin okkar
áður en þú tekur
ákvörðun.



Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com



Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal.is



Nordic Seamless*

Verð frá:

299.000.-

Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947. Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur. Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum



Continental*

Verð frá:

362.900.-

* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

kronotex
FLOORS FOR LIVING



RISA ÚTSALA

Á HÖRKU PLANKA HARÐPARKETI

30-60% AFSLÁTTUR


VERÐ FRÁ **1.290** kr. m²

GERÐU EIN BESTU
KAUP ÁRSINS!

Birgisson



Efst til vinstri má sjá hvernig veggirnir voru fyrir málu. Eins og sést birtir töluvert til í bústaðnum þegar búið var að mála.



REYKJAVÍK
SÍÐDEGIS

Þorgeir, Kristófer og Bragi fara yfir málefni líðandi stundar.

ALLA LAUGARDAGA
MILLI 16:00 OG 18:30.

BYLGJAN
989

Gamall bústaður í nýjan búning

Sigurbjörg Ólafsdóttir ákvað, þrátt fyrir mótmæli barna sinna, að mála furulita veggina í gömlum bústað við Meðalfellsvatn sem hún og maður hennar festu kaup á. Allir eru þó sammála um að útkoman sé stórglæsileg.

Sólveig
Gísladóttir
solveig@365.is



Sigurbjörg og Sigurbór Gíslason, maður hennar, eru bændur á Meðalfelli í Kjós en þar hafa þau búið í þrjátíu ár. Bústaðurinn sem þau keyptu stendur við Meðalfellsvatn, í aðeins tíu mínútna göngufjarlægð frá bænum þeirra. „Við keyptum þennan bústað í fyrrihaust af manni sem við þekkjum og hafði átt bústaðinn í fjölmörg ár,“ segir Sigurbjörg.

Tilurð kaupanna má rekja til þess að sonur þeirra hjóna hafði í hyggju að kaupa bústað en sá fram á að það yrði of dýrt. „Þá hugsuðum við að sniðugt væri að við keyptum bústað sem við gætum leyft krökkunum að vera í þegar þau kæmu í heimsókn. Einnig litum við á þetta sem fjárfestingu,“ lýsir Sigurbjörg en ætlunin er að leigja bústaðinn út fyrst um sinn til að fjármagna kaupin.

Bústaðurinn, sem er um 50 fm, er gamall en hefur ávallt verið vel við haldið. „Allir veggir bústaðarins voru furulitir og panellinn ekki sá flottasti. Stráknum mínum fannst hann reyndar svo veiðikofalegur að hann sagðist aldrei myndu



Bústaðurinn stendur á ægíförum stað við Meðalfellsvatn.

tíma að mála hann, en ég var strax ákveðin í að mála.“

Verkið var seinunníð og erfitt. „Ég málaði tvær umferðir af grunni og tvær af lit. Fór með litlum pensli í hverja einustu glufu, og það tók langan tíma. Ætli þetta hafi ekki tekið tvo mánuði, en ég vann þetta með öðrum verkum.“

Fjölskyldan var mjög ánægð með útkomuna. „Þegar sonur minn settist inn í bústaðinn eftir að ég hafði málað sagði hann: „Veistu mamma, ég tek þetta til baka, þetta er mjög flott.““

Málninguna keypti Sigurbjörg í Slippfélaginu og þar fékk hún einnig

ýmis góð ráð. Auk þess fékk hún ráð frá vini þeirra hjóna úr sveitinni sem er málari. „Ég er mjög ánægð með útkomuna. Andrúmsloftið og lyktin í húsinu breyttust mikið,“ segir hún en ýmislegt fleira hefur verið gert til að flikka upp á bústaðinn. Sett voru ný gólfefni og hitaveita tekin inn. Þá var lóðin drenuð og ýmislegt snurfusað í kringum húsið. „Við eigum margt eftir en við litum á þetta sem langtímaverkefni.“

Hún segir marga hafa komið að verkinu, vini, börn og tengda-börn auk þess sem nágrenni þeirra og smiður, Elvar Ólafsson, hafi hjálpað mikið til.



ENSKI BOLTINN ER HAFINN!

Tryggðu þér
áskrift á aðeins
399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði



TRYGGÐU ÞÉR
ÁSKRIFT
STRAX Í DAG

365.is | Sími 1817

365

*miðað við 12 mánaða bindingu

Náttúran veitir innblástur

Mary Ólafsdóttir vöruhönnuður hefur sent frá sér skopparakringlu úr íslensku birki. Hún segir skopparakringluna minna á náttúruna og ýta undir leik.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Mary Ólafsdóttir hefur vakið athygli fyrir hönnun á fallegum, náttúrulegum gripum. Hún frumsýndi skopparakringluna Keili á Hönnunarmars fyrr á þessu ári en um er að ræða handgerða skopparakringlu úr íslensku birki. „Skopparakringlan minnir á náttúruna, ýtir undir einfaldleikann og kyrrðina sem felst í að njóta augnabliksins. Einkenni skopparakringlunnar er að börkur trésins er skilinn eftir á ystu rönd hennar. Handverkið og uppruni efnisins verður fyrir vikið áberandi og nálægðin eða tilfinningin fyrir efninu verður sterkari,“ segir Mary en hugsunin á bak við Keili er að hvetja til leiks hjá ungum sem öldnum.

Skopparakringlan er rennd úr íslensku birki úr Kjarnaskógi og Hallormsstaðaskógi af 79 ára gömlum handverksmanni frá



Skopparakringlan Keilir minnir á náttúruna, ýtir undir einfaldleikann og kyrrðina sem felst í að njóta augnabliksins.

Vestfjörðum, Ólafi Ingva Ólafssyni föður Maryar, og Hirti Ingasyni á Sauðárkróki. „Keilir er fyrsta verkefnið úr nýrri línu sem ber heitið Heima. Verkefnið gengur út á samstarf hönnuða, handverksfólks og litilla framleiðenda á Íslandi. Allar vörurnar eru unnar úr íslensku, náttúrulegu hráefni. Hvert verkefni sækir innblástur í íslenska náttúru og lifnaðarhætti með ferskri nálgun,“ segir Mary.

Náttúru- og borgarbarn

Mary er alin upp í náttúrunni á Vestfjörðum en flutti til Reykjavíkur aðeins 17 ára upp á eigin spýtur. Hún stefndi alltaf á að gera eitthvað skapandi og árið 2004 komst hún inn í vöruhönnun við LHÍ. „Ég var mjög ánægð með námið. Ég útskrifaðist árið 2004 og hef framleitt eigin vörur frá 2006 og rekið eigið fyrirtæki frá 2007. Árið 2008 fluttum við eiginmaður minn til Svíþjóðar og ég hef rekið



„Ég vil taka þátt í að stuðla að hreinni náttúru og hanna og búa til vörur sem fólk getur notað í áratugi, vörur sem fólk kann að meta og ganga jafnvel í erfðir,“ segir Mary sem er vöruhönnuður að mennt. MYND/ANTON BRINK

fyrirtækið frá Stokkhólmi og Íslandi síðan þá.“

Mary segist vera blanda af náttúru- og borgarbarni sem þurfi á grænu umhverfi að halda en vilji helst hafa það inni í miðri borg. „Svo vil ég geta gengið eða hjólað allra minna ferða og haft hlutina eins einfalda og hægt er, sem er lítið mál í Stokkhólmi. Ég hef alveg óvart fikrað mig í átt að einfaldara lífi og minna húsnæði en ég vil halda þeirri stefnu og njóta þess sem er að gerast þessa stundina frekar en að búa í stóru húsi og eiga fullt af hlutum. Ég vil líka taka þátt í að stuðla að hreinni náttúru

og hanna og búa til vörur sem fólk getur notið í áratugi, vörur sem fólk kann að meta og ganga jafnvel í erfðir,“ segir Mary, sem hefur farið æ meira út í að hanna hreina og eiturefnafríja hluti úr náttúrulegum efnum.

Fann sjálfa sig

Þegar Mary er spurð hvaða hlutur sem hún hefur hannað sé í mestu uppáhaldi segir hún strax að það sé Keilir skopparakringla. „Mér finnst ég hafa fundið sjálfa mig og mína stefnu mjög skýrt með þessum fallega, litla vandaða hlut þar sem hver hlutur er einstakur,

ekki bara út af handverkinu heldur líka þar sem efniviðurinn er lifandi og mjög ólíkur í hverjum hlut fyrir sig.“

Undanfarið hefur Mary verið önnur kafin við að markaðssetja Keili skopparakringlu sem er nýkomin í sölu. „Keilir fæst í vefverslun minni, www.mary.is. Þannig er varan „fair trade“ og verðið sanngjarnara. Þetta er eins og beint frá býli nema þetta er beint frá hönnuði og handverksmanni,“ segir Mary.

Hægt er að fylgjast með Mary á instagram www.instagram.com/maryconceptdesign/

Sæbjúgnahylkin eru bylting

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsuþótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgu þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslikamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggjngarprótein líkamans.

Finnur mikinn mun á sér

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu. Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarið tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir hann.

Magnús, sem er 67 ára gamall í dag, hafði fengið að heyrja frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á



fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyrja þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“



Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. MYND/GVA

Framleiðandi sæbjúgu er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsuþóðum og í Hagkaupum.



LAGER- SPRENGJA

70%
afsláttur

Ný vara frá
Yoek, Mos Mosh
og Elinette!

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

BÍLAMARKAÐURINN
SÍÐIÐ 1994



Jeep Grand Cherokee Limited. Árgerð 2015, ekinn 29 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Rnr.224184. BILAMARKADURINN.IS 5671800




TOYOTA Land cruiser 150 series. Árgerð 2016, ekinn 47 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur skoðar skipti Verð 8.390.000. Rnr.224255. BILAMARKADURINN.IS 5671800




TOYOTA Land cruiser 120 gx 38". Árgerð 2008, ekinn 248 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur GX með toppluga - Kastaraar/kastaragreiðing, Snorkel, Loftlæsingar framan, original að aftan, Auka tankur fyrir Diesel Nýtt í bremsum allan hringinn, nýjir koni demparar aftan, 50-60þ km í næstu tímarrim Verð 4.590.000. Rnr.234356.BILAMARKADURINN.IS 5671800

Bílamarkaðurinn
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



100% LÁN Í BODI!!!
*08 MERCEDES-BENZ B 180 CDI (207). EK 128 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK. ÁSETT 1.380Þ #471281. S: 580 8900




100% LÁN Í BODI!!!
*16 NISSAN MICRA VISIA. EK 28 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 1.399Þ #480427. S: 580 8900




100% LÁN Í BODI!!!
*99 BMW Z3 M ROADSTER CONVERTIBLE. EK 158 Þ.KM, BENSÍN, 5 GÍRAR. ÁSETT 1.480Þ #104085. S: 580 8900


BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



100% LÁN Í BODI!!!
*03 SKODA OCTAVIA ELEGANCE TURBO. EK 237 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 399Þ #480357. S: 580 8900




100% LÁN Í BODI!!!
*99 MERCEDES-BENZ E 320 4MATIC. EK 281 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 499Þ #480568. S: 580 8900



100% LÁN Í BODI!!!
*07 YAMAHA FZ6 ABS. EK 26 Þ.KM. TILBOD 499Þ #480560. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



100% LÁN Í BODI!!!
*06 KAWASAKI Z1000. EK 48 Þ.KM. TILBOD 499Þ #452892. S: 580 8900



100% LÁN Í BODI!!!
*04 VOLVO V70 2.0 TURBO. EK 169 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 680Þ #452931. S: 580 8900




100% LÁN Í BODI!!!
*04 AUDI A4 LEDUR 164 HÖ. EK 159 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 699Þ #472324. S: 580 8900



100% LÁN Í BODI!!!
*12 PEUGEOT 206+. EK 129 Þ.KM, BENSÍN, 5 GÍRAR. TILBODSVÆRÐ 699Þ #471679. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



100% LÁN Í BODI!!!
*07 TOYOTA AURIS SOL. EK 114 Þ.KM, BENSÍN, 5 GÍRAR. ÁSETT 880Þ #472351. S: 580 8900



100% LÁN Í BODI!!!
*03 TOYOTA LAND CRUISER 120. EK 297 Þ.KM, DÍSEL, 5 GÍRAR. ÁSETT 999Þ #480593. S: 580 8900



100% LÁN Í BODI!!!
*12 TOYOTA YARIS. EK 115 Þ.KM, BENSÍN, 6 GÍRAR. ÁSETT 1.290Þ #480608. S: 580 8900



100% LÁN Í BODI!!!
*12 PEUGEOT 206+. EK 129 Þ.KM, BENSÍN, 5 GÍRAR. TILBODSVÆRÐ 699Þ #471679. S: 580 8900

VAKA



Öruggr Vinnuvéla-Lyfvara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvegi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
<http://www.vakahf.is>



SUZUMAR gúmmibátar. Uppblásnir slöngubátar með algólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

GÓÐIR Í HAUST!

TILBOD 2.890.000

KIA Carens ex 7 manna. Árgerð 2015, ekinn 68 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Tilboðsverð 2.890.000.** Ásett verð 3.490.000 Rnr.212251.

TILBOD 1.590.000

RENAULT Megane berline. Árgerð 2015, ekinn 73 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Tilboðsverð 1.590.000.** Ásett verð 2.090.000. Rnr.340396.

TILBOD 2.990.000

SKODA Octavia combi ambition 1.6 tdi 4x4. Árgerð 2014, ekinn 103 Þ.KM, dísel, beinskriptur. Ásett verð 2.990.000. **tilboðsverð 2.690.000.** Rnr.210905.

TOYOTA Yaris hybrid. Árgerð 2012, ekinn 75 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.750.000.** Einn eigandi topp bíll. Rnr.115965.

FORD B-max titanium. Árgerð 2013, ekinn aðeins 4 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.450.000.** umboðsbíll 1 eigandi Rnr.340446.

SUBARU Legacy outback premium. Árgerð 2016, ekinn 61 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 4.790.000.** Rnr.212439.

NISSAN Pulsar acenta. Árgerð 2016, ekinn 65 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.790.000.** Rnr.212461.

FORD Mondeo. Árgerð 2015, ekinn 43 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.990.000.** Rnr.340592.

DODGE Durango citadel. Árgerð 2016, ekinn 17 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Full hlaðin búnaði **Verð 7.980.000.** Rnr.115938.

TILBOD 2.995.000

LAND ROVER Range rover sport hse v8 diesel. Árgerð 2007, ekinn 152 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **TILBOD 2.995.000.** umboðsbíll Rnr.115436.

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS

BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165

DODGE Ram 3500 long horn Ltd. Árgerð 2017, Nýr dísel, sjálfskiptur. **Verð 8.048.000.+ vsk** tveggja ára ábyrð Rnr.115928.

FORD F350 platinum ultimate. Árgerð 2017, nýr bíll, dísel, sjálfskiptur. **Verð 8.370.000.+ vsk** tveggja ára ábyrð Rnr.212195.

FORD F350 king ranch. Árgerð 2008, ekinn aðeins 83 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.620.000. + vsk** topp bíll einn eigandi Rnr.340529.

KRÓKUR



Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krokur.net>

Bílar til sölu



Toyota Rav dísel 2,2. Árg 2014. Sjálfskiptur, upphækkaður, með krók og ný heilsársdekk. Fallegur og kraftmikill jepplingur. Verð. 3.690.000 kr. Nánari uppl. í s. 8942460.



Benz C 350 Plug in Hybrid 2015 Stv Avantgarde innrétting og útlit. Comfort sætapakki. Harman Kardon sound system. Loftþúðafjöðrun ofl ofl Verð 6,4m. Tilboð 5,8m. Uppl: 899 0410



Hyundai Santa Fe árg. 2004. Bensín. 5 gíra. S. 6162597



Suzuki Vitara árg 06 ek 115 þús Diesel beinskiftur skoðaður sumardekk topp bill verð 1380 gsm 8927852

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700

Bátar

VEIÐIVÖTN VEIÐIVÖTN
Netin tilbúin þekking reynsla gæði. heimavik.is s. 892 8655

Þjónusta

Hreingerningar

VY-PRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

SMÁVÉLAVIDGERÐIR

Viðgerðir Skemmuvegur 34 Brún gata

SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnumspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hak, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarollía. Indus ehf. Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Skólar & Námskeið

Námskeið

Hverju vill biblían koma á framfæri við þig? Næsta námskeið hefst þri 22/8. Nánar í s. 867 1640

Húsnæði

Húsnæði óskast

110 REYKJAVÍK

ÁRBÆR / ÁRTÚNSHOLT
Einstæður faðir með tvö börn í skóla í 110 óskar eftir 2-3ja herbergja íbúð í Hraunbæ / Selás eða Ártúnsholti á sanngjörnu verði. Reglusemi og skilvísar greiðslur.
Nánari uppl. í síma 824 1485

EINBÝLI / HÆÐ / RADHÚS Í 110 RVK

EDA NÁGRENNI ÓSKAST
Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, radhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísam greiðslum heitið.
Nánari upplýsingar sendist á: sendtohelgi@gmail.com

Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is

Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is



SUZUKI SX4 s-cross

Verð: 2.790.000

Árgerð: 2015 Bensín
Ekinn: 44þ.km. 5 gírar

Rnr.107439.



SUZUKI Grand vitara

Verð: 3.490.000

Árgerð: 2015 Bensín
Ekinn: 82þ.km. Sjálfskiptur.

Rnr.302127.



MERCEDES-BENZ Glc 220

Verð: 7.990.000

Árgerð: 2016 Dísel
Ekinn: 20þ.km. Sjálfskiptur.

Rnr.270861.



BMW 520 d xdrive m teck 4x4.

Verð: 6.990.000

Árgerð: 2016 Dísel
Ekinn: 4þ.km. Sjálfskiptur.

Rnr.270346.



TOYOTA Land cruiser 120

Verð: 1.690.000

Árgerð: 2004 Bensín
Ekinn: 254þ.km. Sjálfskiptur.

Rnr.120296.



TOYOTA Avensis

Verð: 3.690.000

Árgerð: 2016 Bensín
Ekinn: 43þ.km. Sjálfskiptur.

Rnr.260597.

Atvinnuhúsnæði

Vantar ca 100 fm húsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Jarðhæð. Upplýsingar:699-6762 eða hreinverk.is - Tómas

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

MÓTTAKA

41 - A Townhouse Hotel, leitar af starfskrafti í móttökustarf með frábæra þjónustulund í skemmtilegt starf. Góð ensku kunnáttu skilyrði. Unnið er á vöktum 2-2-3.

Ef þú heldur að þetta sé eitthvað fyrir þig sendu okkur þá ferilskrá á jobs@41hotel.is

GULLNESTI GRAFARVOGI

Óskum eftir röskum, íslenskumælandi starfskrafti virka daga frá 10-17.

Upplýsingar í síma 898-9705, Daði

HOTEL RECEPTIONIST

41 - A Townhouse Hotel is looking for a receptionist/ greeter to join our team. You must be confident and professional, have strong customer service skills and be able to work as a team player. Fluent English required.

If this sounds interesting to you please send your info to jobs@41hotel.is



HÚSASMÍÐUR ÓSKAST!

Óska eftir að ráða vandan húsasmið til starfa. Hæfniskröfur eru: Sveinspróf í húsamíði A.m.k. 5 ára reynsla í faginu. Sjálfstæð vinnubrögð. Gott vald á íslensku.

Umsóknir sendist á gustismidur@gmail.com
Upplýsingar gefur Ágúst í síma 699 8393

BOOZTBAR

Óskar eftir að ráða til starfa gott fólk Dagvinna. Hlutastörf kvöld og helgar. Umsóknnum skilað á booztbarinn@booztbarinn.is

Work! Need person with some experience to work on house, concrete and more. Information: 6185286, Þórður.

Atvinna óskast

SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

Erum með vana smíði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í mikla vinnu HANDAFL EHF s. 777 2 333

Atvinna

SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMÍÐI,
VERKAMENN, MÚRARAR OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF S. 777 2 333

Fasteignir

Snyrtistofan Systrasel til sölu



Frábær staðsetning á Háaleitisbrautinni í Reykjavík. Snyrtistofa með góða tekjumöguleika og góðan viðskiptamannahóp. **Tilboð óskast.**



Hafðu samband

SIGURÐUR SAMÚELSSON
löggiltur fasteignasali.
Sími 896 2312
sigurdur@landmark.is

LANDMARK

FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 - HLÍÐARSMÁRI 2 - LANDMARK.IS

Fasteignir



Gyða Gerðarsdóttir
lögg. fasteignasali

Gyðufell 8, 111 Reykjavík



Ópið hús fimmtudaginn 17 ágúst milli kl 17.00 og 18.00.

Íbúðin er á annari hæð í miðju (merkt Júlíus og Hrafnhildur á hurð) Vel skipulögð 67,3 fm, íbúð, með yfirbyggðar svalir, og geymslu á fyrstu hæð. Stutt í alla þjónustu og skóla. **Ásett verð, 26,8 mkr.**

ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR KRISTJÁN Í SÍMA 896 3867

Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá.

Fasteignasala Kópavogs • Hamraborg 14a • S 517 2600

Atvinna

ATVINNA

FRAMTÍÐARSTÖRF Í RÚMFATALAGERNUM Á SMÁRATORGI

Óskum eftir að ráða hress og jákvætt fólk til starfa í metvörudeild, smávörudeild, baðdeild, fatadeild og á kassa. Bæði fullt starf og hlutastarf í boði. Gott atvinnutækifæri sem býður upp á frábæra framtíðarmöguleika. Einnig bjóðum við upp á áfyllingavaktir virka daga frá kl. 7:00 - 11:30.

Vinsamlegast sendið ferilskrá á ivar@rfi.is eða fyllið út umsókn á staðnum. Umsóknarfrestur er til 25. ágúst.



RÚMFATA LAGERINN
HERBERGID • BADIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

Auglýsing um breytingar á skipulagi í Kópavogi.

Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Nónhæð.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 13. júní 2017 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Tillagan fjallar um breytingu á landnotkun og talnagrunni fyrir Nónhæð. Nánar tiltekið nær breytingin til svæðis sem afmarkast af Arnarnesvegi í suður, Smárahvammsvegi í austur, lóðamörkum húsa sunnan Foldarsmára í norður og húsagötu að Arnarnesmára 32 og 34 í vestur. Í gildandi aðalskipulagi er landnotkun á svæðinu samfélagsþjónusta og opin svæði en breytist samkvæmt tillögunni í íbúðarbyggð og opin svæði sem mun nýtast almenningi til leikja og útiveru. Áætlað er að fjöldi íbúða verði allt að 140.

Tillagan er sett fram í greinargerð dags. í maí 2017. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Breyting á deiliskipulagi. Nónhæð.

Í samræmi við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Kópavogs var á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 10. ágúst 2017 samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Nónhæðar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nánar tiltekið nær tillagan til svæðis sem er um 31.000 m² að flatarmáli og afmarkast af Arnarnesvegi til suðurs, Smárahvammsvegi til austurs, suðurmörkum lóða við Foldarsmára 2-22 (sléttartölur) til norðurs og húsagötu að Arnarnesmára 32 og 34 til vesturs. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir samfélagsþjónustu og opnu svæði á svæðinu en í tillögu að breyttu deiliskipulagi er ráðgerð íbúðarbyggð á svæðinu og opnu svæði, sem mun nýtast almenningi til leikja og útiveru. Í tillögunni eru ráðgerðar 3 lóðir A, B og C fyrir fjölbýlishús á 2-5 hæðum með allt að 140 íbúðum. Áætlað byggingarmagn ofanjarðar er allt að 15.600 m² og nh. deiliskipulagssvæðisins því um 0,5. Að jafnaði eru ráðgerð 1,2 bílastæði á íbúð bæði ofanjarðar og í bílgeymslum neðanjarðar. Aðkoma að húsi A verður frá Arnarnesmára og að húsum B og C frá Smárahvammsvegi. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð, skýringarmyndum, skipulagsskilmálum og skýringarhefti dags. í júlí 2017. Tillögunni fylgir greinargerð VSÓ ráðgjöf: Breyting á deiliskipulagi Nónhæðar, Umhverfismat skv. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 dags. í júlí 2017 og greinargerð VERKÍS: Nónhæð - deiliskipulag minnisblað varðandi hljóðvist dags. 7. júlí 2017. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur; tillaga að breyttu aðalskipulagi og tillaga að breyttu deiliskipulagi eru auglýstar samtímis og eru aðgengi- legar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í afgreiðslu skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs í Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögunnar.

Fimmtudaginn 21. september 2017 milli kl. 17:00 og 18:00 verða starfsmenn skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs með opið hús í Fannborg 6 2h þar sem tillögunnar verða kynntar sérstaklega þeim sem þessa óska.

Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingar Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 föstudaginn 29. september 2017.

Skipulagsstjóri Kópavogs.